

ekki til ok fór heim til Hlíðarenda ok var heima allan vetrinn í gegnum. Líðr nú á sumarit ok allt til þings framan.

XXXVI. KAPÍTULI

GUNNARR ríðr til þings, en áðr hann reið heiman, mælti hann til Hallgerðar: „Ver þú dæl, meðan ek em heiman, ok sýn af þér enga fárskapi, þar sem við vini mína er um at eiga.“ „Tröll hafi þína vini,“ segir hon. Gunnarr ríðr til þings ok sá, at eigi var gott orðum við hana at koma. Njáll reið til þings ok synir hans allir.

Nú er frá því at segja, hvat heima er tíðenda. Þeir áttu skóg saman Gunnarr ok Njáll í Rauðaskriðum; þeir höfðu ekki skipt skóginum, en hvárr var vanr at höggva sem þurfti, ok talði hvárrgi á annan of þat.¹ Kolr hét verkstjóri Hallgerðar; hann hafði verit með henni lengi ok var it mesta illmenni. Svartr hét maðr; hann var húskarl Njáls ok Bergþóru, ok líkaði þeim við hann vel.² Bergþóra mælti við hann, at hann skyldi fara í Rauðaskriður ok höggva skóg, — „en ek mun fá til menn at draga heim viðinn.“ Hann kvezk vinna

¹ *Rauðaskriður* (*Rauðaskriða* oftast í S og stundum í K) hafa verið í suðausturhorni klettaeyjar þeirrar á Markarfljótsaurum, er Dímon heitir (sú er fyrst nefnd, það ég veit, 1363, sjá E. Ó. S.: Landnám í Skaftafellsþingi 128—29). Þar, segir Eggert Ólafsson, að fundizt hafi spjót og hafi það verið á Hlíðarenda á hans dögum (*Reise* 1035; ísl. þýð. II, 305—06). Nafnið *Rauðaskriður* á við móbergaskriður, en mjög víða í fjallinu er móberg. Nú er þar enginn skógur. Í Dímon mæt-

ast þrjár sveitir: Eyjafjöll, Eystri-Landeyjar og Fljótshlíð. Páll Pálsson í *Árkvörn* getur þess, að í Dímon eigi nú Hlíðarendi og Stóra-Mörk, en ítak Merkur kunni Njáll að hafa erfitt eftir Ásgerði, ömmu sína (*Safn t. s. Ísl.* II, 522, sbr. líka Kálund I, 256; *Árb. Fornl.* 1902, 10—11 [Brynjólfur Jónsson]).

² Kols og Svarts er hvergi getið nema hér í sögunni, enda er þess ekki heldur von. Nöfnin eru svipuð og bæði skuggaleg.